

Kópavogsbær
Auður Dagný Kristinsdóttir, skipulagsfulltrúi
Digranesvegur 1
200 Kópavogur



Reykjavík, 28. desember 2021
Tilvísun: 202101018 / 2.8.4

Dags.: 10. jan 2022 / adk
Mál númer: 2108968

Efni: Umsögn um framkvæmdaleyfi. Fossvallarétt, Kópavogsbær.

Kópavogsbær hefur, með erindi dags. 5. nóvember 2021, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um veitingu framkvæmdaleyfis fyrir Fossvallarétt. Áður var óskað meðmæla Skipulagsstofnunar samkvæmt 1. tl. bráðabirgðaákvæða skipulagslaga, með veitingu framkvæmdaleyfis fyrir framkvæmdinni en í bréfi stofnunarinnar dags. 14. janúar 2015, kemur fram að stofnunin geri ekki athugasemd við veitingu leyfisins. Á þeim lá ekki fyrir aðalskipulag fyrir umrætt svæði.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að með breytingu á skipulagslögum, breytingalög nr. 59/2014, voru m.a. gerðar breytingar á 1. tölulið bráðabirgðaákvæða skipulagslaga nr. 123/2010 í þá veru að eingöngu á við að leita meðmæla Skipulagsstofnunar með leyfisveitingum eða deiliskipulagstillögum þar sem ekki liggur fyrir aðalskipulag. Skipulagsreglugerð hefur hins vegar ekki verið uppfærð í samræmi við þessar breytingar.

Erindinu fylgdi yfirlitsuppdráttur í mkv. 1:2000, dags. 5. október 2021, beiðni um framkvæmdaleyfi dags. 8. september 2021, umsókn um framkvæmdaleyfi dags. 6. október 2021 auk umsagnar frá eftirtöldum aðilum: Skipulagsstofnun dags. 14. janúar 2015, Forsætisráðuneytis dags. 12. nóvember 2012, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis dags. 1. október 2014, Mosfellsbæ dags. 16. september 2014, Umhverfisstofnun dags. 24. september 2014, Landsnet dags. 15. september 2014 og Lögreglunni dags. 9. október 2014.

Þar sem Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040 er í staðfestingarferli telur stofnunin rétt að beiðni sé með samþykks leyfis til framkvæmda þar til það hefur tekið gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Í nýju aðalskipulagi er umrætt svæði skilgreint sem óbyggð svæði (ÓB) og grannsvæði vatnsverndar og er það sveitarstjórnar sem leyfisveitanda að meta hvort umrædd framkvæmd samræmist þeirri stefnu sem þar er sett fram.


Sigríður Björk Jónsdóttir